
Stækkun eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn

Álit um mat á umhverfisáhrifum

1 INNGANGUR

1.1 Athugun Skipulagsstofnunar

Þann 2. apríl 2020 lagði Eldisstöðin Íspór hf. fram frummatsskýrslu um stækkun eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 8. apríl 2020 í Lögbirtingablaðinu, Fréttablaðinu, Morgunblaðinu og Bændablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 8. apríl til 25. maí 2020 á bæjarskrifstofu Sveitarfélagsins Ölfus, Þjóðarbókhöðunni og Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á vef Skipulagsstofnunar.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Sveitarfélagsins Ölfuss, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Matvælastofnunar, Orkustofnunar, Samgöngustofu, Umhverfisstofnunar og Veitna ohf.

Þann 9. október 2020 lagði Eldisstöðin Íspór hf. fram matsskýrslu og óskaði eftir álitum Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.2 Gögn lögð fram

Frummatsskýrsla: Stækkun eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn. Mat á umhverfisáhrifum. Frummatsskýrsla. Elfa hf., mars 2020.

Sérfræðiskýrslur með frummatsskýrslu:

- Eldistöðin Íspór í Þorlákshöfn, mat á áhrifum aukinnar vatnstöku. Vatnaskil, Hilmar Már Einarsson, Eric M. Myer og Sveinn Óli Pálmarsson, 2019.
- Eldisstöðin Íspór, Current measurement and sediment sampling. Akvaplan Niva, Stine Hermansen, 2019.
- Brimasöm kletta- og hnellingafjara við Þorlákshöfn. RORUM, Guðmundur Víðir Helgason, Þorgerður Þorleifsdóttir og Þorleifur Eiríksson, 2019.
- Niðurstöður fornleifakönnunar. Minjastofnun, Uggi Ævarsson, 2019.
- Teikningar af fiskigildru í frárennsli frá eldisstöð Íspórs. Tækniþjónustan SÁ hf, Sigurður Ásgrímsson, 2018.

Umsagnir um frummatsskýrslu bárust frá:

- Sveitarfélaginu Ölfusi með tölvupósti dags. 8. maí 2020.
- Fiskistofu með tölvupósti dags. 26. maí 2020.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 5. maí 2020.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með tölvupósti dags. 7. maí 2020.
- Matvælastofnun með tölvupósti dags. 8. maí 2020.
- Orkustofnun með tölvupósti dags. 24. júní 2020.
- Samgöngustofu með tölvupósti dags. 14. apríl 2020.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 15. maí 2020.
- Veitum ohf. með tölvupósti dags. 18. maí 2020.



Matskýrsla: Stækkun eldisstöðvar Ísþórs í Þorlákshöfn. Mat á umhverfisáhrifum. Matskýrsla. Efla hf., júní 2020.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

2.1 Formáli

Í matskýrslu kemur fram að eldisstöð Ísþórs sé búin að vera starfrækt frá árinu 1985 þegar hún var byggð, þó ekki samfleytt. Núverandi rekstur hafi verið frá árinu 2010 og á þeim tíma hafi eingöngu verið seiðaeldi á laxfiskum, bæði laxi og regnbogasilungi. Á ári sé framleitt um 3 milljónir laxaseiða og heildareldisrýmið sé um 14.000 m³. Núverandi starfs- og rekstrarleyfi séu uppá 600 tonna framleiðslu af laxaseiðum á ári. Eldisstöðin hefur nýtingarleyfi fyrir allt að 350 l/s af ferskvatni og 3.000 l/s af jarðsjó.

2.2 Framkvæmdaþættir



Mynd 1. Hér má sjá áfangaskiptingu stækkunarinnar. Fjólublátt er áfangi eitt, blátt er áfangi 2, gult er áfangi 3 og rautt er áfangi 4.

Áfangaskipting

Helstu framkvæmdaþáttum verður skipt upp í áfanga. Í fyrsta áfanga er áætlað að byggja stálgrindarhús yfir átta ferskvatnsker ásamt því að gera nýjan kerjafleka sem samanstendur af tólf 540 m³ eldiskerjum (6.480 m³) og uppfæra rafmagn, vatnstöku og frárennsli á fersku vatni. Einnig er áætlað að setja nýjan súrfeinistank, nýjan fódurgám og 3 fódursíló, rafstöðvarhús og hús fyrir endurnýtingarkerfi fyrir ferskvatn.

Í öðrum áfanga á að byggja smáseiðahús með endurnýtingarkerfi, allt að 4.000 m² auk þess sem byggja á starfsmannaáðstöðu og tæknirými, allt að 1.200 m² og fjögur 540 m³ (2.160 m³) ker við áður nefndan kerjafleka. Jafnframt verður gerður fódurgámur fyrir hver 16 eldisker.

Í þriðja áfanga er áætlað að byggja 16 540 m³ ker austan megin á lóðinni (8.640 m³).



Í fjórða og síðasta áfanganum er áætlað að byggja 32 ker vestan megin á lóðinni með eldisrými uppá 17.280 m³ í heild sinni og sameina frárennsli þeirra við núverandi frárennsli stöðvarinnar.

Að loknum fjórða áfanga verður heildareldisrými um 52.500 m³.

Vatnstaka

Jarðsjór

Á lóð eldisstöðvarinnar eru 11 borholur fyrir jarðsjó í dag. Í fyrsta áfanga framkvæmdarinnar er gert ráð fyrir að bæta við fjórum borholum, í öðrum áfanga 3 borholum og í þriðja og fjórða áfanga er gert ráð fyrir allt að 12 nýjum borholum fyrir jarðsjó. Í heildina verður borholur fyrirtækisins fyrir jarðsjó 30 talsins. Þegar öllum áföngum er lokið verður samanlögð sjótaka allt að 6.500 l/s.

Ferskvatn

Á lóð eldistöðvarinnar eru í dag 4 ferskvatnsborholur ásamt ferskvatnsbrunni sem er aðal ferskvatnsuppspretta fyrirtækisins. Meðfram uppbyggingunni er ráðgert að bæta við 5 ferskvatnsholum á norðurhluta lóðarinnar auk þess sem áætlað er að auka vatnstöku úr ferskvatnsbrunninum um 100 l/s eða í allt að 300 l/s. Heildarvatnstaka á ferskvatni eftir stækkun yrði þá allt að 700 l/s eða aukning um 350 l/s.

Heitt vatn

Í núverandi rekstri er eldisstöðin að nota allt að 15 l/s af heitu vatni en allt heitt vatn er keypt af Veitum ohf. og er áætlað að kaupa áfram heitt vatn af Veitum eða öðrum aðilum sem bjóða heitt vatn til sölu. Öll aukning á notkun á heitu vatni þarf því að fara fram í samráði við Veitur og bæjaryfirvöld. Gert er ráð fyrir heitavatnsnotkun verði um 14-15 l/s á mánuði að meðaltali og að hámarksnotkun geti farið í 20 l/s.

Fóður

Stærsti fóðurbirgir Íspórs er Fóðurblandan. Seinustu ár hefur fóðurstuðullinn í stöðinni verið um 1 og með stækkuninni er því ráðgert að fóðurnotkun verði um 1.800 tonn miðað við 1.800 tonna framleiðslu.

Fráveita

Við núverandi aðstæður eru tvær frárennslirásir frá eldisstöðinni og rennur frárennsli meira eða minna opið til sjávar. Seinni frárennslirásin var gerð árið 2018 fyrir nýjan kerjafláka stöðvarinnar. Vegna skemmda sem urðu á frárennslirásinni 2019 var steypt mikið mannvirki á klöppina neðan stöðvarinnar, svokallaður „hamarshaus“ og svo varið með stórgrýti. Ef sú útfærsla reynist vel er ráðgert að eldri útrás verði útfærð með sama hætti.



Mynd 2. Mynd af "hamarshaus" þegar búið er að þekja hann með stórgrýti.



Mynd 3. mynd af grunni sem "hamarshausinn" var steiptur á.

Fram kemur að jarðsjór verði ekki hreinsaður umfram grófhreinsun. Grófhreinsun verður gerð með rist sem varnar því að dauður fiskur geti borist út með frárennslinu ásamt því að það hreinsi allt rusl yfir 10 mm að stærð. Þegar stækkuninni lýkur er ráðgert að hreinsa og endurnýta nánast allt ferskvatn (700 l/s) áður en því er veitt í frárennslu og verður það gert með RAS kerfi í smáseiðahúsum sem getir endurnýtt allt að 99,9% af vatni sem fer þar í gegn. Í núverandi rekstri sé ferskvatn endurnýtt með tromlusíum og kolsýrulofturum og er endurnýtingin um 56%.



Ekki er ráðgert að gera nýja frárennisskurði með stækkuninni heldur notast við þá tvo sem nú eru til staðar og verður heildarfrárennismagn að hámarki 7.200 l/s eftir stækkun.

Markmið framkvæmdarinnar

Í matsskýrslu kemur fram að markmið framkvæmdarinnar sé að framleiða seiði laxfiska sem verði svo send til áframeldis í sjókvíar Arnarlax á Vestfjörðum og Fiskeldis Austfjarða á Austfjörðum.

2.3 Valkostir

Fram kemur ekki verði skoðaðir aðrir valkostir varðandi magn en aukning úr 600 tonnum í 1.800 tonn af laxafiskaseiðum. Þetta sé það magn sem Íspór þurfi að framleiða til að anna eftirspurn Arnarlax og Fiskeldis Austfjarða og því samræmist aðrir valkostir ekki markmiði framkvæmdarinnar. Varðandi aðra valkosti þá eru eldiskör útbúin kolsýrulofturum sem geri það að verkum að endurnýting fersks vatns séu um 2/3 hlutar. Stefnt sé á að reisa vatnshreinsihús með tromlufilterum og kolsýruloftun við seiðahús. Með nýjum smáseiðahúsum sé áætlað að hreinsa allt ferskvatn áður en því er veitt í frárennslis. Jafnframt sé gert ráð fyrir að í smáseiðahúsum verði sett RAS endurnýtingarkerfi og að endurnýtingarhlutfall í þeim verði um 99,9%. Því verði ekki lagt mat á aðra valkosti varðandi hreinsun frárennslis. Varðandi fráveiturásir þá séu þær tvær, báðar voru lagðar til sjávar og báðar eyðilögðust í miklum sjógangi. Árið 2019 hafi verið steypt mannvirki á klöppina við sjóinn, svokallaður Hamarshaus. Ef sú útfærsla gefi góða raun verði farið í samskonar aðferð við gamla frárennslid. Ekki þurfi að bæta við öðru frárennslis og því verði ekki lagt mat á valkosti fyrir staðsetningu frárennslis.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji mikilvægt að valkostagreining sé vönduð svo svigrúm skapist þegar kemur að útfærslu framkvæmdar við leyfisveitingu. Ekki sé unnt að breyta grundvallarforsendum framkvæmdar í leyfisveitingu frá því sem fjallað var um í mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur rök framkvæmdaraðila varðandi valkosti vera málefnaleg og fellst á að ekki hafi verið þörf að meta frekari valkosti í matsskýrslu framkvæmdaraðila. Núverandi framleiðsla er 600 tonn á ári og því er mögulegt að bera saman áhrif 1.800 tonna framleiðslu og minna framleiðslumagns.

3 MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

Í matsskýrslu Eldisstöðvarinnar Íspórs er lagt fram mat á áhrifum fyrirhugaðrar framkvæmdar á tiltekna umhverfisþætti og stuðst við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa. Í leiðbeiningunum eru skilgreindar einkunnir fyrir vægi umhverfisáhrifa, þar sem neikvæðasta vægiseinkunnin er verulega neikvæð, þá talsvert neikvæð, síðan óveruleg áhrif, talsvert jákvæð áhrif og verulega jákvæð áhrif. Skýringar á ofangreindum hugtökum er að finna í töflu 4 í leiðbeiningunum og kafla 4.2 í matsskýrslunni. Í þessu álitu nota framkvæmdaraðili og Skipulagsstofnun einnig vægiseinkunnina nokkuð neikvæð áhrif. Nokkuð neikvæð áhrif eiga við um staðbundin áhrif sem ná ekki yfir umfangsmikið svæði, áhrifasvæðið nýtur ekki verndar eða er á annan hátt viðkvæmt fyrir breytingum en áhrifin geta verið varanleg og óafturkræf.

3.1 Grunnvatn

Mat Eldisstöðvarinnar Íspórs á grunnvatn

Í matsskýrslu Eldisstöðvarinnar Íspórs kemur fram að mat á áhrifum á grunnvatnstöku byggist á rannsóknum Vatnaskila útfrá líkanareikningum. Í líkaninu hafi verið skoðuð þrjú vinnslutilfelli.



Núverandi vatnstaka stöðvarinnar (1), áætlað ástand með aukinni vatnstöku Íspórs vegna stækkunarinnar (2) og með mögulegum samlegðaráhrifum með öðrum eldisstöðvum á svæðinu (3). Í líkanaútreikningum hafi verið skoðaður niðurdráttur, þrýstilækkun og seltubreytingar miðað við hámarksvinnslu jarðsjávar.

Í vinnslutilfelli 2 kemur fram að niðurdráttur reiknast 20 cm á lóð Íspórs en nær ekki inná lóðir annarra fiskeldisfyrirtækja eða að vatnsbólí Sveitarfélagsins Ölfuss. Þrýstilækkun verði allt að 50 cm innan lóðar Íspórs en hafi ekki áhrif á önnur fiskeldisfyrirtæki eða vatnsbólí sveitarfélagsins. Áhrif vegna seltubreytinga séu þó víðtækari og auk áhrifa á lóð Íspórs þar sem selta getur minnkað um allt að 10% á 25-30 m dýpi geti einnig orðið vart við áhrif á lóðum annarra eldisfyrirtækja, þá mest á lóð Fisk-Seafood eða aukning á seltu um allt að 5% á 20-25 m dýpi og allt að 2,5% á 25-30 m dýpi en minna á lóðum sem liggja fjær.

Í vinnslutilfelli 3 þá kemur fram að niðurdráttur reiknast mestur á lóðum fiskeldisfyrirtækja á svæðinu, allt að 40 cm niðurdráttur á lóð Landeldis og einnig reiknast niðurdráttur 10-15 cm við núverandi vinnsluholur Sveitarfélagsins Ölfuss. Þrýstihæð geti lækkað um allt að 50 cm við vinnsluholur jarðsjávar á lóðum fiskeldisfyrirtækjanna og um 10-15 cm við vinnsluholur sveitarfélagsins. Niðurstöður varðandi seltubreytingar eru þær að ofan 15 m.u.s. eru áhrifin að mestu innan lóða fiskeldisfyrirtækjanna en á meira dýpi þá ná þessar breytingar inn til landsins. Ekki er þó talið að áhrifin geti náð inn að vinnsluholum sveitarfélagsins.

Vöktun og mótvægisáðgerðir

Svo hægt sé að lágmarka áhrif á ferskvatn og blandlag þarf að tryggja lágmrörkun á upptöku ferskvatns við vinnslu jarðsjós. Þetta er gert með því að láta dýpi jarðsjávarhola ná niður fyrir blandlag og í fullsaltan sjó ásamt því að seltumælingar séu framkvæmdar í unnum jarðsjó.

Telur framkvæmdaraðili mikilvægt að fylgjast með breytingum í grunnvatni með vöktun. Ekki liggja fyrir hvernig verði staðið að þeirri vöktun og verður útfærsla ákveðin í samráði við leyfisveitendur. Í sérfræðiskýrslu sé mælt með að vöktunin fari fram í borholu sem nái niður í fullsaltan jarðsjó og að holan sé götuð frá yfirborði niður á botn. Gerðir verðir rafleiðniþrófílar með reglulegu millibili. Einnig er mælt með að selta verði mæld í vinnsluholum samhliða mælingum á flæði. Sérfræðingar bendi á að við endanlega útfærslu vöktunar þurfi að taka tillit til hvernig tekst til með boranir og útfærslu vinnslunnar.

Niðurstaða Eldisstöðvarinnar Íspórs um áhrif á grunnvatn

Eldisstöðin Íspór telur að áhrif vengja aukinnar vinnslu Íspórs á niðurdrátt og þrýstilækkun verði að mestu staðbundin á lóð fyrirækisins útfrá niðurstöðum líkanreikninga. Varðandi samlegðaráhrif þá séu vísbendingar um að það verði niðurdráttur í vinnsluholum Sveitarfélagsins Ölfuss en þó ekki nægilegur til að það muni ekki hafa áhrif á ferskvatnsvinnslu sveitarfélagsins. Niðurstaðar framkvæmdaraðila með tilliti til ofangreinds er að framkvæmdin hafi nokkuð neikvæð áhrif á grunnvatn.

Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Í umsögn Sveitarfélagsins Ölfuss er bent á að mikilvægt sé að aukin vatnstaka á svæðinu hafi ekki áhrif á aðra nærliggjandi vatnstöku.

Eldisstöðin Íspór telur að áhrif af aukinni vinnslu verði að mestu staðbundin á lóð fyrirtækisins og bendir á að samlegðaráhrif vegna aukinnar vatnstöku samkvæmt líkanreikningum verði niðurdráttur uppá 10-15 cm við vinnsluholur sveitarfélagsins sem eigi ekki að hafa áhrif á ferskvatnsvinnslu.



Niðurstaða

Ljóst er að um umfangsmikla aukningu á vatnstöku er að ræða en ferskvatnsstraumur er mikill til sjávar á þessu svæði. Samkvæmt líkanútreikningum er ekki líklegt að aukning vatnstöku framkvæmdaraðila ein og sér hafi áhrif á vatnstöku annarra aðila í nágrenninu. Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á grunnvatn verði að teljast óviss þar til reynsla af vatnsöflun fæst. Því er mikilvægt að ítarleg vöktun verði bæði m.t.t. hættu á að íssaltur jarðsjór blandist ferskvatnslinsu og hugsanlegra áhrifa á aðra grunnvatnsvinnslu í nágrenninu. Mikilvægt er að fylgjast með áhrifum af aukinni vatnsvinnslu með hverjum áfanga stækkunarinnar og að niðurstöður vöktunar á áhrifum nýttar til ákvörðunar um frekari vatnstöku, bæði fjölda hola og staðsetningu þeirra til að tryggja að jafnvægi ferskvatnslinsunnar haldist.

Skipulagsstofnun telur óvissu á umfangi samlegðaráhrifa fyrirhugaðrar stækkunar eldisstöðvarinnar Íspórs og annars eldisiðnaðar við Þorlákshöfn vegna þeirrar umfangsmiklu vatnstöku sem er fyrirhuguð á svæðinu. Jafnframt geti orðið samlegðaráhrif á grunnvatn vegna vatnsöflunar með öðrum vatnsfrekum iðnaði á Þorlákshafnarsvæði og mögulegrar aukinnar vatnsvinnslu af hendi Sveitarfélagsins Ölfuss samhliða áframhaldandi uppbyggingu innan sveitarfélagsins. Þar er einna viðkvæmast jafnvægið á milli ferskvatnslinsunnar og saltvatnslinsunnar. Auk þess sem leyfi þurfa að kveða á um vöktun og viðbrögð komi í ljós að heimiluð vatnstaka framkvæmdaraðila hafi meiri áhrif á grunnvatnsborð en upphaflega áætlað telur Skipulagsstofnun að vöktun á áhrifum allrar vinnslu grunnvatns og jarðsjávar sé grundvallaratriði þegar kemur að heildaráhrifum vatnstöku á svæðinu. Slík vöktun er samstarfsverkefni skipulagsyfirlvalda, leyfisveitenda og viðkomandi fyrirtækja.

3.2 Vatnsgæði viðtaka

Mat Eldisstöðvarinnar Íspórs

Í matskýrslu kemur fram að mat á áhrifum framkvæmdarinnar á vatnsgæði viðtaka byggi á útreikningum á efnasamsetningu fráveituvatns og mælingum á straumhraða og botnseti. Í núverandi rekstri er áætlað að í frárennsli berist um 43 tonn af kolefni, 4,1 tonn af köfnunarefni og 2,2 tonn af fosfór í föstu formi ásamt um 13 tonnum af köfnunarefni og um 1 tonni af fosfór í uppleystu formi. Samkvæmt eftirlitskýrslum frá Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirliti Suðurlands hafa ekki verið gerðar miklar athugasemdir við fyrirkomulag frárennslis en þó hafi í síðustu heimsókn fundist lítilsháttar lykt við ytri grjóttgarð. Aðalstraumátt í viðtaka er sterkur aðalstraumur til vesturs og tekur framkvæmdaraðili fram að viðtaki teljist vera áhrifamikill með tilliti til dreifingar á lífrænna næringarefna. Samkvæmt sýnatöku sem framkvæmd var í viðtaka fyrir utan eldisstöðina eru lífræn efni ekki að safnast fyrir á sjávarbotni og engin merki um botndýralíf á svæðinu.

Uppreiknuð gildi af losun lífrænna næringarefna eftir stækkun eru þau að með frárennsli berist um 154 tonn af kolefni, 14,6 tonn af köfnunarefni og 7,9 tonn af fosfóri í föstu formi og um 46,7 tonn af köfnunarefni og 3,4 tonn af fosfóri í uppleystu formi.

Samlegðaráhrif með annarri eldisstarfsemi á svæðinu eftir áformaðar stækkanir verða þau að í viðtaka eigi eftir að berast um 943 tonn af kolefni, um 90 tonn af köfnunarefni og um 48 tonn af fosfór í föstu formi og um 290 tonn af köfnunarefni og 21 tonn af fosfór í uppleystu formi. Þessi aukning er um sjöfalt magn miðað við núverandi stöðu. Fram kemur að ákveðin óvissa sé um samlegðaráhrif á viðtaka þrátt fyrir að viðtaki sé öflugur vegna þeirrar aukningar sem yrði ef öll stækkunaráhrif ganga eftir. Ef til þess komi að það verði staðbundin uppsöfnun á lífrænum næringarefnum þá sé hægt að bregðast við því með því að minnka framleiðslu og/eða hreinsa frárennslisvatn.



Vöktun og mótvægisáðgerðir

Tryggja þarf lágmarkun á upptöku ferskvatns við vinnslu á jarðsjó. Það verður gert með því að láta jarðsjávarholur ná vel niður fyrir blandlag og í fullsaltan sjó. Nauðsynlegt er að vakta vatnsgæði viðtakans svo unnt sé að grípa til mótvægisáðgerða tímanlega ef áhrifa verði vart. Hvernig staðið verður að vöktun liggur ekki fyrir en endanleg útfærsla verður unnin í samráði við leysiveitendur.

Niðurstaða Eldisstöðvarinnar Íspórs um áhrif á vatnsgæði viðtaka

Með hliðsjón af styrk viðtaka telur framkvæmdaraðili að áhrif framkvæmdarinnar á vatnsgæði viðtaka verði óverulega neikvæð.

Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á mikilvægi þess að viðtaki nái góðu eða mjög góðu ástandi samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Náist það markmið ekki t.d. vegna úrgangslausunar þá þurfi að gera úrbætur sem geti reynst erfiðar og kostnaðarsamar.

Í svari Íspórs kemur fram að framkvæmdaraðili taki undir mikilvægi þess að lágmarka umhverfisáhrif vegna stækkunarinnar og lagt til að unnin verði vöktunarætlun með starfsleyfisveitanda svo hægt sé að fylgjast með breytingum á ástandi viðtaka og bregðast við með mótvægisáðgerðum ef mengunaráhrifa verði vart.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að erfitt sé að meta umhverfiáhrif fyrirliggjandi stækkunar stöðvarinnar þar sem ekki er greint nægilega vel frá endurnýtingu vatns og hreinsun frárennslis sem áætluð er í stöðinni og það sem mögulega væri hægt í framtíðinni.

Í svari Íspórs kemur fram að matið sé varfærið og miðist við mestu mögulegu áhrif eftir stækkun. Bendir hann á að aðeins sé ætlað að endurnýta og hreinsa ferskvatn og það sé innan 10% af heildar grunnvatnsnotkun og hafi því takmörkuð áhrif á heildarlosun næringarefna í viðtaka.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur að það verður umtalsverð aukning á magni næringarefna sem mun berast með frárennslis í viðtaka. Viðtaki er brimasamur og straumar sterkir og líklegt að sjávarstraumar þynni affallsvatnið fljótt út. Því telur Skipulagsstofnun að áhrif vegna aukins magn næringarefna verði óveruleg og afturkræf. Varðandi samlegðaráhrif vegna annarrar stækkunar og fiskeldisáforma á svæðinu er ljóst að það verður sett enn frekara álag á viðtaka þar sem áætlað er að aukningin verði um sjöföld miðað við núverandi heildarlosun. Skipulagsstofnun telur að ákveðin óvissa ríki m.t.t. samlegðaráhrifa og því telur stofnunin mikilvægt að magn næringarefna í frárennslis sé vaktað og að jafnframt verði fylgst með ástandi viðtaka með sameiginlegri vöktun þeirra rekstraraðila sem losi lífræn næringarefni í viðtaka.

3.3 Lífríki viðtaka og fuglar

Mat Eldisstöðvarinnar Íspórs

Í matskýrslu kemur fram að fjörugerðin á svæðinu sé brimasöm kletta- og hnulungsfjara og samkvæmt vistgerðakortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands flokkist fjaran undir hrúðurkarlafjörur eða brimasamar hnulungafjörur. Fjörurnar hafi lágt verndargildi og smádýralíf í fjöru er takmarkað. Helstu áhrif geti orðið vegna aukinnar losunar næringarefna sem geti raskað jafnvægi næringarefna í viðtaka. Aðstæður við Þorlákshöfn séu þó þannig að lítil hætta sé á uppsöfnun næringarefna vegna sterkra hafstrauma og því hversu brimasamt sé þar. Þegar kemur að áhrifum á laxfiskastofna vegna slyssleppinga sé nánast ómögulegt fyrir seiði að sleppa úr stöðinni. Ristar séu á öllum eldiskerum og jafnframt sé að finna fiskigildru í frárennslis. Fuglalíf á svæðinu einkennist af fuglum í fæðuleit í fjörunni og sjónum fyrir utan. Algengasta tegundin á svæðinu sé sílamáfur og æðarfugl. Fram kemur



að talsvert af sílamávi sæki að frárænnli seiðaeldis á svæðinu. Líklegt sé að aukning á þreföld aukning á lífrænum efnun í frárænnli geti aukið ásókn fugla í frárænnlið.

Niðurstaða Eldisstöðvarinnar Íspórs um áhrif á lífríki viðtaka

Að mati framkvæmdaraðila verða áhrif á lífríki viðtaka óverulega neikvæð.

Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að áhrifin verði talsvert neikvæð á fugla ef þeir safnist saman í miklum fjölda við frárænnli ef það myndist pollar í frárænnli framkvæmdaraðila og þar verði staðbundin uppsöfnun næringarefna. Mögulegt væri að betri hreinsun á frárænnli geti verið mótvægisáðgerð til að lágmarka áhrif á lífríki viðtaka og fugla á svæðinu.

Í svari Íspórs kemur fram að áhrif á fugla séu talin óveruleg og því sé ekki þörf á að grípa til sérstakra mótvægisáðgerða. Það verði þó gert ef að áhrif á fugla verði meiri en gert er ráð fyrir og verði þær mótvægisáðgerðir ákveðnar í samráði við eftirlitsaðila.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdarinnar á lífríki viðtaka og fugla séu einna helst vegna aukningar næringarefna í frárænnli. Samkvæmt matsskýrslu er talið að næringarefni muni þrefaldast í frárænnli eldisstöðvarinnar og því ákveðnar líkur á því að aukið magn fugla muni leita í frárænnli stöðvarinnar. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun að æskilegt er að ekki myndist pollar í frárænnli eldisstöðvarinnar og ekki verði staðbundin uppsöfnun næringarefna í frárænnli, ef bregðast þarf við með mótvægisáðgerðum er nauðsyndlegt að það sé gert í samráði við eftirlitsaðila. Að því sögðu telur Skipulagsstofnun að áhrif á lífríki viðtaka verði óveruleg og afturkræf.

3.4 Ásýnd og landslag

Mat Eldisstöðvarinnar Íspórs

Í matsskýrslu kemur fram að ljóst er að sjónrænna áhrifa vegna núverandi starfssemi gætir á framkvæmdasvæðinu. Með stækkuninni mun aðalbreytingin vera sú að umfang starfseminnar mun aukast með fjölgun eldiskara og bygginga. Fram kemur að leitast hafi verið við að hanna mannvirki þannig að þau falli sem best að landslagi. Eldisstöðin er staðsett í um 400 metra fjarlægð frá syðsta hluta Þorlákshafnar og er vel sýnilegt frá byggð. Gera má ráð fyrir að ljós eldisstöðvarinnar séu greinileg frá byggðinni en með mótvægisáðgerðum sé ekki líklegt að það verði ljósmengun frá fyrirtækinu.

Mótvægisáðgerðir

Leitast verður við að hús verði ein hæð og að hámarks mænishæð verði 8,5 m. Heimilt er þó að ákveðnir byggingarhlutar s.s. loftræstibúnaður og síló séu allt að 12 m. Samræma skal útlit, þakform, lita- og efnisval, hanna skal mannvirki að svipmóti lands. Fylgja skal markmiðum í byggingarreglugerð varðandi birtu og lýsingu.

Niðurstaða Eldisstöðvarinnar Íspórs um áhrif á ásýnd og landslag

Að mati framkvæmdaraðila verða áhrif á ásýnd óverulega neikvæð.

Umsagnir og athugasemdir við frummatsskýrslu

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að eldisstarfssemi af þessari stærðargráðu krefjist mikils vatns og áformað frárænnli í fjöruna geti haft veruleg áhrif á ásýnd svæðisins þar sem rennsli um frárænnli sé áætlað 7,2 m³/s.



Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að tvær fráveitur séu frá stöðinni og að áhrifin vegna stöðvarinnar séu að hluta komin fram. Eystri fráveitan er að mestu neðanjarðar og lítt sýnileg og vestari fráveitan liggja lágt í landi og liggja um iðnaðarsvæði sem geri hana illsýnilega. Áhrif á ásynd vegna fráveitna teljist því óveruleg þrátt fyrir að frárennsli aukist til muna.

Niðurstaða Skipulagsstofnunar

Fyrir liggur að það eru nú þegar ásyndaráhrif af eldisstöð Íspórs á svæðinu vegna umfangsmikilla mannvirkja. Með stækkuninni muni þau áhrif aukast talsvert með nýjum byggingum og auknum fjölda annarra mannvirkja. Þau mannvirki sem verði mest áberandi eru stálgrindarhús, súrefnistankar og fóðursiló. Jafnframt er verið að raska áður óröskuðu svæði vegna framkvæmdarinnar.

Eldisstöðin er í um 400 m fjarlægð frá byggð. Þá gerir aðalskipulag ráð fyrir útivistarstíg meðfram strönd sunnan lóðar eldisstöðvarinnar ásamt því að reiðleið er skilgreint norðan stöðvar og stofnstígar beggja vegna við lóð. Skipulagsstofnun telur að áhrif á ásynd svæðisins verði nokkuð neikvæð, staðbundin og óafturkræf. Skipulagsstofnun telur ólíklegt að aukið frárennsli komi til með að hafa meiri áhrif á ásynd en þau áhrif sem þegar eru komin fram.

Til að draga úr sjónrænum áhrifum framkvæmdar er mikilvægt að í deiliskipulagi verði settir skýrir skilmálar varðandi útlit og umfang bygginga, litaval, girðingar og frágang lóðar. Auk þess bendir Skipulagsstofnun á að í deiliskipulagi ætti að huga að aðgengi að útivistarleið sunnan stöðvar sem gert er ráð fyrir í aðalskipulagi.

4 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Ölfuss 2010-2022 og hefur nýtt deiliskipulag vegna stækkunarinnar verið sent til Skipulagsstofnunar til yfirferðar. Áður en framkvæmdaleyfi er gefið út þarf að liggja fyrir staðfest deiliskipulag.

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Ölfuss skv. skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi og einnig byggingaleyfi sveitarfélagsins samkvæmt lögum um mannvirki. Framkvæmdin er háð starfsleyfi Umhverfisstofnunar samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Einnig rekstrarleyfi Matvælastofnunar samkvæmt lögum um fiskeldi, rekstrarleyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og nýtingarleyfi Orkustofnunar samkvæmt lögum um rannsóknir og nýtingu auðlinda samkvæmt auðlindalögum.

5 NIÐURSTAÐA

Í samræmi við 11. gr. laga og 26. gr. reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Eldisstöðvarinnar Íspórs sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Skipulagsstofnun telur að matsskýrslan uppfylli skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum og að umhverfisáhrifum hafi verið lýst á fullnægjandi hátt.

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði vegna aukins magns lífrænna næringarefna í frárennsli, aukinna ásyndaráhrifa vegna umfangsmeiri mannvirkja. Með vönduðu fyrirkomulagi mannvirkja er hægt að draga úr neikvæðum ásyndaáhrifum og er mikilvægt að í deiliskipulagi verði skýrir skilmálar um útfærslu mannvirkja og frágang. Gera má ráð fyrir mikilli þynningu vegna öflugs viðtaka komi í veg fyrir umtalsverð neikvæð áhrif á lífríki og vatnsgæði viðtaka. Framkvæmdin kann að hafa áhrif á grunnvatnsstöðu og jafnvægi milli ferskvatnslinsu og saltvatnslinsu og áður en framkvæmdir hefjast þarf að liggja fyrir vöktunaráætlun þar sem fylgst er



með hvort vatnstaka kunni að hafa áhrif á grunnvatnsyfirborð og hættu á að jarðsjór blandist ferskvatnslínu.

Skipulagsstofnun telur að setja þurfi skilyrði um vöktun á grunnvatni og viðbrögð við áhrifum á grunnvatnsborð reynist þau meiri en gert er ráð fyrir. Þar er reglulegar próffilmælingar á seltu, síritun vatnsborð og mæling á rafleiðni á völdu dýpi í völdum holum. Gera þarf ráð fyrir að sameina þurfi vöktun á svæðinu með öðrum eldisiðnaði og öðrum mögulegum stórnotendum vatns sem kunna að bætast við í framtíðinni. Þessi vöktun á sértaklega við um það þess svæðis við ströndina sem skipulagt hefur verið undir lóðir fyrir fiskeldi, þ.e. á svæðum þar sem ætla má að viðbrögð geti komið fljótt fram við aukna vinnslu. Skipulagsstofnun telur að slík vöktun þurfi að vera samstarfsverkefni sveitarfélags sem skipulagsyfirvalds og leyfisveitanda, Orkuskiptunar sem leyfisveitanda fyrir nýtingarleyfi og viðkomandi fyrirtækja.

Skipulagsstofnun telur einnig mikilvægt að fylgst verði með ástandi viðtaka með tilliti til samlegðaráhrifa vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar og annarra fiskeldisáforma á svæðinu. Telur stofnunin að ákveðin óvissa ríki vegna samlegðaráhrifa og því mikilvægt að fylgst verði með ástandi viðtaka með sameiginlegri vöktun þeirra rekstraraðila sem losa lífræn efni í viðtakann.

Varðandi nánari umfjöllun um umhverfisáhrif stækkunar Eldisstöðvar Íspórs í Þorlákshöfn vísast til niðurstaðna í 3. kafla að framan og framkvæmdatilhögunar, mótvægisáðgerða og vöktunar sem gerð er grein fyrir í matskýrslu Eldisstöðvarinnar Íspórs.

Reykjavík, 5. nóvember 2020

Egill Þórarinnsson

Jón Þórir Þorvaldsson